



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Félagsbústaða

---

**Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um innheimtu leigu og rétt til félagslegs leiguhúsnæðis að loknu útburðarferli**

Þann 31. ágúst 2022 lagði fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um innheimtu leigu og rétt til félagslegs leiguhúsnæðis að loknu útburðarferli:

Á vef Félagsbústaða er fjallað um vanskil á húsaleigu og þær afleiðingar sem slíkt kann að hafa í för með sér. Motus sér um að innheimta leigu sem komin er í vanskil fyrir Félagsbústaði. Ef leiga er ekki greidd á eindaga er send innheimtuviaðvörðun 14 dögum frá eindaga húsaleigu. Ef húsaleiga er ógreidd 28 dögum eftir eindaga fer leigukrafa í milliinnheimtu til Motus. Þar er greiddanda gefinn 7 daga frestur til þess að ganga frá greiðslu eða samkomulagi. Sé ekki brugðist við innheimtuviaðvörðun getur útburðarferli tekið við ásamt auknum innheimtukostnaði. Því er spurt hvort að viðkomandi eigi rétt á félagslegu leiguhúsnæði að loknu útburðarferli? Einnig er spurt hvernig sé staðið að því að tryggja manneskju sem enn uppfyllir öll skilyrði um veitingu félagslegs húsnæðis, slíkt húsnæði, ef að til útburðar hefur komið?

**Svar:**

Áður en til útburðar kemur er stjórnvaldsákvörðun um úthlutun íbúðarinnar afturkölluð og leigusamningi rift í kjölfarið. Þar sem Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með umsóknir í félagslegt húsnæði eru ákvarðanir um hvort einstaklingur er samþykktur aftur á biðlista teknar þar. Í 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði kemur fram:

„Umsókn umsækjanda sem er í vanskilum með leigugreiðslur við Félagsbústaði hf. verður því aðeins samþykkt hafi umsækjandi gert full skil á vangoldnum leigugreiðslum eða um skuldina hafi verið samið. Sama gildir um umsókn um milliflutning. Umsækjanda skal leiðbeint um þau úrræði sem honum standa til boða vegna fjárhagserfiðleika.“

Félagsráðgjafar í miðstöð hafa reglulega samband við Félagsbústaði vegna slíkra mála og aðstoða einstaklinga í þessari stöðu að semja um eða gera upp skuld til að viðkomandi geti aftur fengið sæti á biðlistum.